



## Fundur í byggðaráði

**30. fundur, byggðaráðs Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn fimmtudaginn 5. nóvember 2020. Fundur var settur kl. 12:08.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Mirjam Blekkenhorst, Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson sveitarstjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnáði.

### Fundargerð

#### 1. Fundargerð framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 26. okt. 2020

Fundargerðin lögð fram.

Auk voru eftirtalin gögn fram: Verkefnaáætlun MMP 2021 og rekstraráætlun Safnahússins á Húsavík-Menningarmiðstöð fyrir árið 2021.

*Bókun um afgreiðslu:* Samþykkt að vísa rekstraráætluninni til úrvinnslu tillögu að fjárhagsáætlun 2021.

Samþykkt.

#### 2. Fundargerð hverfaráðs Bakkafjarðar

*Liður 2 – Deiliskipulag af Hafnartanga Bakkafirði*

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð vísar lið 2 í fundargerð hverfisráðs til skipulags- og umhverfisnefndar, vegna afgreiðslu deiliskipulags fyrir Hafnartangann á Bakkafirði.

Samþykkt.

Fundargerðin staðfest. Samþykkt með atkvæðum Þorteins og Mirjam. Siggeir sat hjá.

#### 3. Langanes – friðlýsingarkostir – tillögur um næstu skref

Lögð fram úttekt á friðlýsingarkostum fyrir Langanes, dags. í okt. 2020, sem gerð hefur verið að frumkvæði Langanesbyggðar.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð fagnar framlagðri úttekt. Samþykkt er að senda hana til hlutaðeigandi landeigenda til kynningar og birta hana líka á heimasíðu sveitarfélagsins og kynna hana þar. Einnig samþykkt að senda úttektina til kynningar hjá nefndum og ráðum sveitarfélagsins. Enn fremur er samþykkt að óska eftir umhverfisráðherra meðal annarra á íbúafund til að kynna skýrsluna.

Samþykkt.



#### 4. Ályktun baráttuhóps smærri fyrirtækja o.fl. í ferðaþjónustu

Lögð er fram ályktun baráttuhóps smærri fyrirtækja, einyrkja og sjálfstætt starfandi aðila í ferðaþjónustu, dags. 3. nóvember 2020.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð Langanesbyggðar tekur undir áskorun baráttuhóps smærri fyrir, einyrkja og smærri fyrirtækja, einyrkja og sjálfstætt starfandi aðila í ferðaþjónustu með kröfum og tillögum um aðgerðir til að koma móts við tekjutap þessarar greinar.

Ferðaþjónustan í dreifbýli er ekki síður mikilvæg byggðarlögum um landið þar sem hún hefur átt ríkan þátt í að „... efla menningarlíf og vellíðan fólks um allt land með því að brjóta upp hversdagsleikann með því að bjóða upp á fjölþætta afþreyingu,“ eins og segir í ályktuninni. Þar segir einnig: „Bæði mannlíf og menningarverðmæti eru í húfi, því sé ekki stutt við ferðaþjónustuaðila á þessum tímum, hvað á að bjóða ferðafólki framtíðarinnar upp á þegar það birtist á ný og hvað á að gera við alla þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað, en verður nú að engu sé ekkert að gert.“

Í ljósi þess að hér er um mikilvæga stoðgrein í hinum dreifðari byggðum landsins og varðveislu mikilvægan hluta menningarsögu okkar, er ríkisvaldið hvatt til að styðja við fyrirtæki og einstaklinga í þessari grein og tryggja afkomu greinarinnar.

Samþykkt.

#### 5. Finna fjörður – staða mála

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð Langanesbyggðar samþykkir að senda samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra erindi þar sem leitað er eftir fjárstuðningi til Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps við ráðningu verkefnisstjóra til að sinna helstu verkefnum tengdum Finna fjardarverkefninu. Þetta erindi verði sent og unnið í samvinnu við sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps.

Hlutverk verkefnisstjóra verði m.a. að vinna að viðræðum við landeigendur, fylgja eftir mikilvægum málum upp koma hverju sinni og þörf er á hverju sinni til að koma á hafnsækinni starfsemi í Finnafirði.

Þessi stuðningur er ekki háður komu ríkisins að verkefninu að öðru leyti.

Samþykkt.

#### 6. Fundir með deildarstjórum vegna fjárhagsáætlunargerðar 2021

- Forstöðumaður Vers. Eyþór Atli Jónsson fór yfir helstu punkta vegna endurbóta og viðgerða í Veri.
- Skólastjóri Barnabóls – í fjarfundi. Halldóra J. Friðbergsdóttir fór yfir helstu atriði í rekstri og endurnýjun í leikskólanum og á leiksvæði.



- Slökkviliðsstjóri. Þórarinn Jakob Þórisson fór yfir áhersluatriði og kynnti vegna endurmenntunar slökkviliðsmanna á næsta ári og fjárfestingarþörf.
- Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar. Jón Rúnar Jónsson fór yfir tillögur að helstu framkvæmdum og fjárfestingum á næsta ári og þeim
- Skólastjóri Grunnskólans – í fjárfundi. Hilma Steinarsdóttir fór yfir hugmyndir að framkvæmdum aðallega utanhúss á næsta ári.
- Hjúkrunarforstjóri og rekstrarstjóri Nausts. Karítas Ósk Vignisdóttir og Herdís Eik Gunnarsdóttir fóru yfir reksturinn og framtíðarþarfir.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:18.